

Mánudaginn 17. nóvember 1980.

Nr. 163/1978. **Véltak h/f**
 gegn
Hnit h/f.

Hafning máls. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Þegar mál þetta skyldi munnlega flutt í dag, var þess kraf-ist af áfrýjanda, að málið yrði hafið.

Stefndi féllst á kröfu áfrýjanda um hafningu málsins, en krafðist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt framansögðu er mál þetta hafið. Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 200.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Mál þetta er hafið.

Áfrýjandi, Véltak h/f, greiði stefnda, Hnit h/f, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri að-för að lögum.

Mánudaginn 17. nóvember 1980.

Nr. 227/1980. **Ákærvaldið**
 gegn
Guðmundi Steinssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son og Þór Vilhjálmsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 10. nóvember 1980, sem barst Hæstarétti 12. nóvember s. á. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ríkissaksóknara er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum

10. nóvember 1980.

Ár 1980, mánudaginn 10. nóvember, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

MÁLSATVIK.

Um kl. 1700 sl. laugardag handtók lögreglan í Reykjavík og að Goðheimum 19 hér í borg Guðmund Steinsson, fæddan 10. júlí 1961, grunaðan um fíkniefnamisferli.

Skömmu áður og í lögregluyfirheyrslu hafði Gunnar Ómar Gunnarsson, fæddur 14. september 1957, lýst meintum ítrekuðum hasskaupum sínum af Guðmundi þessum fáum dögum fyrr og nafngreindi Gunnar Lunddal Friðriksson sem beinan kaupanda af Guðmundi Steinssyni, en síðar þann, er á kom beinum viðskiptum á milli Gunnars Ómars Gunnarssonar og Guðmundar Steinssonar. Nefndur Gunnar Ómar staðfesti ofangreindan framburð hér fyrir dómi áðurgreindan laugardag.

Lögregla hefur stöðugt frá þeim tíma, en án árangurs til þessa, leitað Gunnars Lunddal Friðrikssonar, sem að öðru jöfnu er talinn búa á Hótel Vík.

Áðurnefndur Guðmundur Steinsson var yfirheyrður hér fyrir dómi klukkan liðlega 1500 í gær og bar þá af sér hvers konar meðhöndlun fíkniefna hér á landi, en kvaðst hafa prófað svonefnt

hassefni stöku sinnum í Kaupmannahöfn, þar dveljandi tímabilið nív. 1979 — ágúst sl.

Dómari tók sér eftir nefnt þinghald frest til nánari ákvarðana Guðmund Steinsson varðandi, en hélt eftir það og hér fyrir dómi í gær fram yfirheyrslum yfir ýmsum aðiljum, sem ýmist höfðu verið síðustu daga handteknir með eða sagðir hafa keypt eða meðhöndlað á annan hátt hassefni, sem lýsingum samkvæmt virtist sömu gerðar og Gunnar Ómar Gunnarsson bar að hafa af Guðmundi Steinssyni ítrekað keypt.

Fyrr í dag var margnefndur Gunnar Ómar Gunnarsson enn rækilega yfirheyrður hér fyrir dómi um meint hasskaup af Guðmundi Steinssyni og lýsti þeim þá sundurliðað og allnákvæmlega.

Gunnar Ómar lýsti þá og tilteknum gesti, er verið hefði staddur hjá Guðmundi Steinssyni að Goðheimum 19 laugardaginn 1. nív. sl., er Gunnar Ómar kom þar sem oftast til meintra hasskaupa. Taldi Gunnar gest þennan hafa orðið vitni að orðaskiptum Guðmundar Steinssonar og Gunnars Ómars, er tóku af tvímæli um erindi Gunnars.

Var þá þegar yfirheyrður af lögreglu Sigurður Haukur Engilbertsson, fæddur 9. júlí 1958, til heimilis að Básenda 2 hér í borg, enda lýsing Gunnars Ómars talin við þann aðilja eiga.

Sigurður þessi kvaðst þekkja Guðmund Steinsson frá sameiginlegri dvöl í Kaupmannahöfn og hafa heimsótt Guðmund að Goðheimum 19 fyrir skömmu og þá við sama tækifæri þangað komið hávaxinn dökkhærður aðili, sem Sigurður þessi við nánari myndbendingu taldi vera áður margnefndan Gunnar Ómar Gunnarsson.

Voru þá nú fyrir stundu og hér í dómi samprófaðir Gunnar Ómar Gunnarsson og Guðmundur Steinsson. Gunnar Ómar hélt fast við fyrri framburði um ítrekuð og tilgreind hasskaup af Guðmundi Steinssyni, en sá síðarnefndi bar slíku alfarið í mót og því einnig, að Gunnar Ómar Gunnarsson hefði nokkru sinni komið að Goðheimum 19.

NÆÐURSTÖÐUR.

Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974, þannig að sök gæti, ef sönnuð teldist, varðað Guðmund Steinsson fangelsisrefsingu, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki til fyrirstöðu beitingu gæsluvarðhalds í þessu sambandi.

Með vísan annars til ofanritaðs þykir hafa verið tekinn og

nýttur með eðlilegum hætti sá frestur, sem dómara er heimill lögum samkvæmt, til formlegrar ákvörðunar ofangreindan Guðmund Steinsson varðandi. Þar sem enn hefur ekki náðst til Gunnars Lunddal Friðrikssonar, sem nauðsynlegt þykir að yfirheyra í þessu sambandi, auk margra fleiri vegna núverandi stöðu rannsóknar, þykir í hennar þágu og auk ofanritaðs með vísan til 1. mgr. 1. tölul. 67. gr. laga nr. 74/1974 nauðsyn til bera að Guðmundur Steinsson, fæddur 10. júlí 1961, til heimilis að Goðheimum 19 hér í borg, sæti gæsluvarðhaldi, sem hæfilega þykir afmarkað við allt að 10 dögum.

Úrskurðarorð:

Guðmundur Steinsson, fæddur 10. júlí 1961, til heimilis að Goðheimum 19, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 10 dögum.

Þriðjudaginn 18. nóvember 1980.

Nr. 124/1978. **Samgönguráðherra f. h. Hafnamála-
stofnunar ríkisins og fjármálaráðherra
f. h. ríkissjóðs**

(Gunnlaugur Claessen hrl.)

gegn

**Grími Guttormssyni og
gagnsök**

(Gylfi Thorlacius hrl.).

Vinnusamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson, Sigurgeir Jónsson, Þór Vilhjálmsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttar-
dómari.

Aðaláfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 20. júní 1978. Krefjast þeir aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýj-